

# 309. KIRKJURÁÐSFUNDUR

MÍÐVIKUDAGINN 29. APRÍL 2020 KL 8:30

haldinn í gegnum fjarfundabúnaðinn Zoom

---

## FUNDARGERÐ

---

- 1) Fundarsetning
- 2) Viðbrögð kirkjunnar í kjölfar Covid-19 faraldursins
- 3) Fjármál og fasteignir
  - a) Útleiga lóðar á Þorsteinsstöðum í Vopnafirði
  - b) Erindi sóknarprests Hofsprestakalls
  - c) Verkefnið Fögur framtíð í Fljótsdal og Fljótsdalshreppi
  - d) Skálholtskirkja
  - e) Uppgreiðsla langtímaláns kirkjumálasjóðs
- 4) Önnur mál
  - a) Kynning Skógræktarfélags Borgarfjarðar
  - b) Samstarfsverkefni fræðsluviðs og samskiptasviðs vegna þróunar miðla
  - c) Sóknasamband Íslands
  - d) Sala á Hlíðartúni 28
  - e) Fyrirætlanir sóknarprestsins á Breiðabólstað
  - f) Breiðholtskirkja
  - g) Skeggjastaðir

---

## 1. FUNDARSETNING

---

Agnes M. Sigurðardóttur biskup Íslands setti fund kl. 8:30 með ritningarlestri og bæn. Þá sátu fundinn kirkjuráðsmennirnir séra Arna Grétarsdóttir, séra Axel Árnason Njarðvík, Svana Helen Björnsdóttir og Stefán Magnússon. Fundurinn fór fram í gegnum fjárfundarbúnað vegna samkomubanns.

Jafnframt sátu fundinn Brynja Dögg Guðmundsdóttir Briem, framkvæmdastjóri kirkjuráðs, Guðmundur Þór Guðmundsson, skrifstofustjóri Biskupsstofu, Sigurbjörg Nielsdóttir Hansen, fjármálastjóri Biskupsstofu og Þorvaldur Víðisson biskupsritari, sem ritaði fundargerð.

Framkvæmdastjóri og biskup reifuðu stöðu helstu mála sem eru í vinnslu.

---

## 2. VIÐBRÖGÐ KIRKJUNNAR Í KJÖLFAR COVID-19 FARALDURSINS

---

Kirkjuráð ræddi áfram um breytta starfshætti og ólíkar þarfir í samfélaginu vegna covid-19 faraldursins.

- Kirkjuráð samþykkti breytingar á dagskrá kirkjuráðs fyrir árið 2020.

---

## 3. FJÁRMÁL OG FASTEIGNIR

---

*a) Útleiga lóðar á Þorsteinsstöðum í Vopnafirði*

Kirkjuráð ræddi um framkomnar beiðnir um leigu á landinu til afnota fyrir hjólhýsi.

- Kirkjuráð samþykkti að hafna erindunum.

*b) Erindi sóknarprests Hofsprestakalls*

Lagt var fram erindi sóknarprests Hofsprestakalls um endurbætur á prestsetrinu.

- Kirkjuráð samþykkti að heimila sóknarpresti að ráðast í umbeðnar framkvæmdir.

*c) Verkefnið Fögur framtíð í Fljótsdal og Fljótsdalshreppi*

Lagt var fram erindi, dags. 17. apríl 2020, sem snýr að verkefninu.

- Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að gefa erindinu jákvæða umsögn

*d) Skálholtskirkja*

Lagt var fram erindi vígslubiskups vegna neyðarástands í Skálholtskirkju.

- Kirkjuráð samþykkti að strax yrði farið í viðgerð á þaki kirkjunnar, turni og ytra byrði.

*e) Uppgreiðsla langtímalána kirkjumálasjóðs*

Tekin var fyrir tillaga fjármálastjóra um uppgreiðslu langtímalána kirkjumálasjóðs.

- Kirkjuráð samþykkti tillögu fjármálastjóra.

---

#### 4. ÖNNUR MÁL

---

a) *Kynning Skógræktarfélags Borgarfjarðar*

Lagður var fram óundirritaður samningur Skógræktarfélag Borgarfjarðar og Kolviðar um skógrækt.

Kirkjuráð samþykkti að vísa málinu til umhverfishóps kirkjunnar, og óskaði eftir því að hópurinn skilaði kirkjuráði álitni sínu fyrir næsta fund kirkjuráðs, 13. maí nk.

b) *Samstarfsverkefni fræðsluviðs og samskiptastjóra vegna þróunar miðla*

Lagt var fram minnisblað frá samskiptastjóra og fræðsluviði dagsett 28. apríl sl.

Kirkjuráð samþykkti að fela kirkjustarfshópi kirkjuráðs að skoða málið fyrir næsta fund og gera tillögu til kirkjuráðs að afgreiðslu málsins.

c) *Sóknasamband Íslands*

Málinu var frestað til næsta fundar.

d) *Sala á Hlíðartúni 28*

Milli funda samþykkti kirkjuráð tilboð í fasteignina Hlíðartún 28 á Höfn.

Kirkjuráð staðfesti samþykkt sína.

e) *Fyrirætlanir sóknarprestisins á Breiðabólstað*

Upplýst var um að sóknarprestur Breiðabólstaðaprestakalls hyggst sitja prestsetursjörðina áfram fram að fardögum 2021.

f) *Breiðholtskirkja*

Lagt fram erindi frá sóknarnefnd Breiðholtskirkju varðandi fjárveitingu til viðhaldsframkvæmda.

Kirkjuráð samþykkti að fela fjármálahópi kirkjuráðs í samráði við fjármálastjóra og framkvæmdastjóra kirkjuráðs, að gera tillögu til kirkjuráðs að afgreiðslu erindisins, fyrir næsta fund í maí, nk.

g) *Skeggjastaðir*

Lagt var fram erindi sem sent var biskupi, er varðar tillögu að gerð forkönnunar á því hvort ráðast eigi í fornleifauppgröft við Skeggjastaði í Bakkafirði.

Kirkjuráð samþykkti að Skeggjastaðakirkja færi í framangreinda forkönnun en ekki var sótt um styrk frá kirkjunni til verkefnisins og var því slík styrkveiting ekki til umræðu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:25.

Næsti fundur kirkjuráðs verður haldinn miðvikudaginn 13. maí nk.

---

Agnes. M. Sigurðardóttir  
biskup Íslands

---

Þorvaldur Víðisson biskupsritari

---

Séra Arna Grétarsdóttir

---

Séra Axel Árnason Njarðvík

---

Stefán Magnússon

---

Svana Helen Björnsdóttir